

Nd.

**687. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um farmgjald af aðfluttum vörum (þgskj. 663).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Fyrsta og önnur grein frumvarpsins falli burtu, en í þeirra stað komi ný grein, er verði 1. grein, svo hljóðandi:

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands, skal greiða farmgjald í landssjóð eftir þyngd hvarrar vörutegundar með umbúðum, eða eftir rúmmáli. Gjaldið er 50 aurar af hverjum 100 tvipundum. Af kolum greiðist 50 aurar fyrir hverja smálest, og af trégluggum, hurðum, húsalistum og allskonar trjávið 1 kr. fyrir hvern rúmmetra. Undanþegnar farmgjaldi eru kornvörur alls konar, steinolia, húðir ósútaðar og skinn ósútuð, islenzkt saltkjöt í tunnum, sement og önnur steinbindingsefni, tómar tunnur og tunnustafir, hey, járn óunnið í klumpum,

og salt. Enn fremur vörur sem keyptar eru og sendar í nafni landssjóðs, og vörur, sem tollur er lagður á sérstaklega.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.